

39/1922, en eins og mál þetta liggur fyrir þykja ósannaðar þær fullyrðingar stefnanda að stefnda hafi beitt svikum er kaupin fóru fram.

Verður því að sýkna stefndu af riftunarkröfu þeirri sem höfð er uppi í málinu en rétt þykir með vísan til þess sem fram hefur komið að fella málskostnað niður.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Jóhanna Heiðdal, skal vera sýkn af kröfum stefnanda Kristjönu Guðmundsdóttur í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. mars 1987.

Nr. 77/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Magnúsi Sveinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. febrúar sl. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að ákvæði úrskurðarins um gæsluvarðhald verði felld úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Jafnframt var úrskurðurinn kærður af hálfu ákærvalds með bréfi til Hæstaréttar 27. febrúar er barst réttinum sama dag, og er krafa gerð um að gæsluvarðhald verði ákveðið til 25. þ.m. en úrskurðurinn verði staðfestur að öðru leyti. Þar sem héraðsdómari sendi ríkissaksóknara málið með bréfi 26. febrúar er málið af hálfu ákærvalds kært innan frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. febrúar 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 25. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að kærða, Magnúsi Sveinssyni, fæddum 12.12. 1949, Skálagerði 6, Reykjavík, verði með vísan til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. mars 1987 kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 4. mgr. 220. gr. og 233. gr. alm. hegningarlaga. Jafnframt er þess krafist, að kærða verði gert að sæta geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum og er í því sambandi vísað til d-liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði hefur mótmælt kröfum RLR.

Málavextir:

Um kl. 8 í gærmorgun var lögreglan kvödd að heimili kærða vegna meðferðar hans með skotvopn. Hafði hann skotið 3 riffilskotum inni í íbúðinni, en eiginkona hans og sonur höfðu flúið út. Lögreglumenn sem komu á vettvang handtóku kærða og lögðu hald á tvo riffla sem hann var með, cal. 22 og cal. 243, og ennfremur eina haglabyssu sem var í íbúðinni. Á millivegg á milli eldhúss og stofu í íbúðinni voru tvö för eftir riffilkúlur og blómapottur við vegginn hafi splundrast. Ennfremur hafði verið skotið á eldhúsklukk. Kærði hafði leyfi fyrir haglabyssunni og stærri riffilinum. Eiginkona kærða, Annie Kjærnested Steingrímsdóttir, hefur skýrt svo frá að kærði hafi verið að heiman frá sl. sunnudagskvöldi þar til hann kom drukinn heim í gærmorgun. Hann hafi verið mjög æstur yfir því að hún hafði sótt bifreið þeirra til föður hans, en bifreiðina ætlaði hún að nota til þess að fara með 12 ára son þeirra til tannlæknis. Hann hafi heimað lyklana að bifreiðinni, en hún hafi ekki sinnt því. Hann hafi þá sótt riffil, sem hann geymdi í skáp í íbúðinni, sett í hann eitt skot og skotið á veggklukk. Áður hafi hann þó gefið í skyn að hann ætlaði að fyrirvara sér. Annie kvað kærða þessu næsta hafa sótt stærri riffilinn og hleypt úr honum einu skoti. Hann hafi síðan stungið hlaupinu upp í sig, en þá kvðast Annie hafa hlaupið út með son þeirra, en í sama mund hafi hún heyrt skothvell.

Annie kvað kærða hafa neytt mikils áfengis að undanfögnu og sífellt orðið æstari í skapi og kveðst hún sífellt verða hræddari við hann.

Við yfirheyrslur hjá RLR og í dómi hefur kærði kannast við að hafa hleypt af þremur riffilskotum heima hjá sér í gærmorgun að undangengnu

rifrildi þeirra hjóna. Hann kvaðst hafa komið drukkinn heim um kl. 7 í gærmorgun og hafi þau Annie strax farið að rifast út af áfengisdrykkju þeirra beggja, en einnig hafi hann átalíð hana fyrir að fara sínar eigin leiðir án samráðs við sig og m.a. sótt bifreið þeirra hjóna, sem faðir hans var með. Hann kvaðst hafa sótt ríffil og látið að því liggja að hann ætlaði að fyrirfara sér án þess að honum væri alvara með það, en síðan hleypt af þremur skotum úr tveimur rífflum. Hann kvaðst ekki hafa beint rífflumum að konu sinni eða syni, en tilgangur hans hafi verið sá að hræða konu sína. Hann kvaðst hafa verið illa sofinn, auk þess sem hann var drukkinn, og því ekki gert sér grein fyrri gerðum sínum. Samt sem áður kvaðst hann hafa verið með það í huga með tilliti til endurkasts kúlanna að milliveggir í íbúðinni voru hlaðnir úr vikursteini og múrhúðaðir.

Kærði kannast við að eiga við áfengisvandamál að etja og kveðst neyta áfengis í einn til tvo daga í hverri viku. Hann hafi hafið áfengisdrykkju sl. sunnudag og haldið henni áfram þar til í gærmorgun.

Annie bar að kærði hafi áður hleypt af skoti í íbúð þeirra og ennfremur að hann hafi á árinu 1984 beitt hana líkamlegu ofbeldi. Kvaðst hún telja hann eiga við geðræn vandamál að stríða auk áfengisvandamálsins.

Kærði neitaði að hafa fyrr en í gær hleypt af skotvopni á heimili sínu, en hann kannast við að hafa reynt að rassskella eiginkonu sína á árinu 1984, en að öðru leyti hafi hann ekki beitt hana ofbeldi.

Kærði er grunaður um brot sem geti varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 4. mgr. 220. gr. og 233. gr. alm. hegningarlaga og ákvæðum III. kafla laga nr. 46, 1977, en rannsókn málsins er enn skammt á veg komin. Sýnist m.a. þurfa að leiða í ljós samskipti kærða og eiginkonu hans síðustu daga, svo og annan aðdraganda þeirra atburða, sem urðu í gærmorgun, þ.á m. geðrænt ástand kærða. Þykir því rétt, samkvæmt kröfu RLR og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 11. mars 1987 kl. 17:00. Þá þykir og rétt samkvæmt d-lið 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974 að ákveða að kærði skuli gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Magnús Sveinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 11. mars 1987 kl. 17:00.

Kærði skal sæta geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.